

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 424/1991. **Haukar hf.**  
 gegn  
**Einari Ólafssyni.**

Ómerking. Heimvísun. Skriflega flutt mál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir héraðsdómi frá og með þinghaldi 26. apríl 1991 verði ómerkt. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur þingsókn fallið niður fyrir Hæstarétti.

Málið hefur verið skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Fyrirsvarsmáður áfrýjanda sótti þing við þingfestingu máls þessa í héraði og aftur í öðru þinghaldi og lagði þá fram greinargerð. Var málinu þá frestað ótiltekið. Var síðan boðað til þinghalds föstudaginn 26. apríl 1991. Var þá eigi sótt þing af hálfu áfrýjanda. Málið var dómtekið 2. mars sama ár, er lögmaður stefnda, stefnanda í héraði, hafði lagt fram sókn.

Boðun til þinghaldsins 26. apríl 1991 var gerð með símskeyti 19. sama mánaðar frá dómara málsins. Fyrir liggur vottorð Póst- og símamálastofnunar þess efnis, að skeyti til áfrýjanda hefði ekki verið afhent, þar sem starfsemi hans væri flutt frá viðtökustaðnum. Þá segir í vottorðinu, að sendanda skeytisins hefði verið tilkynnt um þetta 22. apríl 1991.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ekki liggur fyrir önnur tilkynning til áfrýjanda, verður við það að miða, að hann hafi ekki verið boðaður til þinghalds í málinu 26. apríl 1991. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með því þinghaldi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan

verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 26. apríl 1991 skulu vera ómerk, og er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

---